

Stofnanasamningur milli Skipulagsstofnunar og SFR

(um nánari forsendur og reglur um röðun starfa við stofnunina skv. ákvæðum í kjarasamningi félagsins og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, frá 9. mars 2005).

1. Gildissvið

Samkomulag þetta nær til allra félagsmanna í Starfsmannafélagi ríkisstofnana sem eru í starfi hjá Skipulagsstofnun

2. Markmið

Aðlögunarnefndin er sammála um eftirfarandi markmið með breyttu launakerfi:

- að launakerfið sé sveigjanlegt og ákvarðanir um launaröðun séu teknar með málefnalegum hætti,
- að launakerfið feli í sér tækifæri fyrir starfsmenn til áhrifa á framgang í starfi,
- að launakerfið opni fyrir þann möguleika að starfsmenn geti samið við yfirmenn um að fastar greiðslur, sem ekki eru hluti af grunnlaunum, séu teknar inn í föst laun,
- að launakerfið stuðli að því að tekið verði upp með reglubundnum hætti starfsmat og frammistöðumat.

3. Starfaflokkar

Launakerfi Skipulagsstofnunar byggir á eftirfarandi starfaflokkum:

Starfaflokkur 1

Byrjendur í almennum skrifstofustörfum og sinna að jafnaði störfum sem unnin eru undir stjórn annarra. Þeir sem hafa a.m.k. mánaða starfsreynslu í almennum skrifstofustörfum raðast ekki neðar en 007. Aukin menntun og/eða starfsreynsla gefur hærri launaflokk.

Almenn skrifstofustörf - Grunnröðun 005

Starfaflokkur 2

Þjónustufulltrúar sem vinna sjálfstætt, sinna sérhæfðri skrifstofuþjónustu og símaavörslu. Og móttöku viðskiptavina. Sinna skjalaskráningu og skjalavörslu, ngateikniskráningu og teikningavörslu. Þeir sem hafa 5 ára starfsreynslu í sérhæfðum skrifstofustörfum raðast ekki neðar en í launaflokk 020. Aukin menntun og/eða aukin starfsreynsla gefur hærri launaflokk.

Þjónustufulltrúar - Grunnröðun 015

Starfaflokkur 3

Skipuleggja, stjórna og samhæfa starfsemi einnar eða fleiri deilda, sinna kostnaðareftirliti og viðvarandi verkefnastjórnun. Sér um greiðslur á reikningum, uppgjör á ferðareikningum og sér um Launas kráningu, Sinna stjórnun, áætlanagerð og samhæfingu við stefnu stofnunar. Eru ábyrgir fyrir samskiptum við ráðuneyti, stofnanir og fyrirtæki.

Aukin menntun og/eða aukin starfsreynsla gefur hærri launaflokk.

Grunnröðun 023

Röðun starfs innan starfaflokks er lágmarksröðun.

Starf (eða starfsmaður) getur svo raðast hærra með hliðsjón af þeim þáttum sem tilteknir eru í 4.1-4.2.

4. Mat á einstökum þáttum

4.1. Mat á einstökum störfum

Við röðun einstakra starfa innan hvers starfaflokks umfram það sem greint er í lið 3 skal taka tillit til þess að ýmsir þættir geta orðið til að raða starfi ofar en grunnröðun gefur tilefni til, svo sem ef:

- hæfniskröfur, sem gerðar eru til starfsins, eru meiri en almennt gerist,
- starfið felur í sér sérstaka ábyrgð,
- starfið er umfangsmikið,
- starfið felur í sér flókin verkefni,
- starfinu fylgir kennsla eða leiðbeining annarra starfsmanna,
- starfinu fylgir sérstakt álag, viðvarandi eða árstíðabundið

4.2. Mat á hæfni og frammistöðu einstakra starfsmanna

Við mat á hæfni og frammistöðu einstakra starfsmanna varðandi röðun innan hvers starfaflokks umfram fyrrgreinda þætti skal taka tillit til eftirfarandi atriða:

Að starfsmaður:

- sýni góðan viðvarandi árangur í starfi,
- hafi sértæka reynslu sem nýtist við störf hans hjá stofnuninni,
- geti sinnt störfum á fleiri en einu af verksviðum stofnunarinnar,
- sýni áhuga og frumkvæði í starfi,
- afli sér símenntunar.

5. Endurskoðun

Endurskoða skal samninginn samkvæmt 11. kafla kjarasamnings SFR og fjármálaráðherra. Einnig er heimilt að taka til endurskoðunar einstök ákvæði samningsins hvenær sem er, ef aðilar eru sammála um það. Samningur þessi gildir frá 1. maí 2006.

Reykjavík 21. júlí 2006

f.h. Skipulagsstofnunar

f.h. SFR

Bókun 1

Aðilar eru sammála um að félagsmenn SFR sem eru í starfi hjá Skipulagsstofnun hækki um 1 launaflokk þann 1. janúar 2007.